Amtið er yður því samdóma um, að hinn umræddi styrkur, sem veittur var Sigurði 44
Bergssyni í marz 1897 af sveitarfje Neshrepps utan Ennis, hafi verið lögmætur og því slitið sveitfestisdvöl hans í nefndum hreppi, og skal fyrnefndur úrskurður yðar í máli þessu standa óhaggaður.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Skógarstrandarhreppi og Neshreppi utan Ennis.

Auglýsing 45

19. marz

um

að burt skuli falla árið 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa í 5.—12., og milli Saurbæjar og Skipaskaga í 6.—12. ferð landpóstanna.

Svo hefir verið kveðið á um, að burt skuli falla í 5.—12. póstferð landpóstanna 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa (þriðji Strandasýslupósturinn) og aukapóstferðirnar milli Saurbæjar og Skipaskaga (fyrsti Borgarfjarðarpóstur) í 6.—12. ferð landpóstanna s. á.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Reykjavík, 19. marz 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Samþykkt 46

um kynbætur hrossa í Vesturskaptafellssýslu.

Sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Vesturskaptafellssýslu.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbætur hrossa, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar. Nefndarmenn kjósa sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver búandi og búlaus maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú og er hver sá skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tima.